

STAKSTEINAR

Hugmyndafræðilegt gjaldprot geðheilbrigðiskerfis

Sigursteinn Músson, formaður Geðhjálp, skrifar um geðheilbrigðisþjónustu í Morgunpóst Vinstri grænna. „Það hefur farið ótrúlega hjótt að um miðjan janúar urðu tímamót í afstöðu stjórnvalda 52 ríkja á ráðherrafundi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í Helsínki,“ skrifar Sigursteinn. „Ísland var í þessum hópi auk nær allra ríkja Evrópu. Þarna rituðu heilbrigðisráðherrar undir viljayfirlýsingu og aðgerðaráætlun sem felur meðal annars í sér afstofnanavæðingu geðheilbrigðiskerfisins. Það eru ekki lítil tímindi. Auðvitað verður hvert og eitt land að velja sér sína leið en með þessu er horfið frá fyrirkomulagi stórra geðsjúkrahúsa eins og Íslendingar þekkjast. Á Íslandi gæti þetta birst í því að geðdeildum LHS yrði öllum lokað eins og þær eru nú. Það er löngu ljóst að þjónustan er óviðunandi á þeim í dag og smáskammtalækningar til að lappa upp á hana duga ekki.“



Sigursteinn Músson



Sigursteinn segir að árum saman hafi Geðhjálp haldið uppi málefnalegri gagnrýni á starfssemi geðdeildanna en það hafi verið eins og að skvetta vatni á gæs. „Ekkert hefur lagast sem máli skiptir. Penningaleysi verður ekki einu kennt um því að kerfið er ekki bara fjárhagslega komið að fótum fram heldur hugmyndafræðilega gjaldþrota. Hvað er þá til ráða? Þetta þarf auðvitað að skipuleggja vel en til að byrja með mætti skoða geðheilbrigðisþjónustuna í Trieste á Ítalíu sem vakið hefur mikla athygli víða um heim. Þar miðast hver þjónustueining við 8 sjúklinga en ekki eins og hér þar sem tugum manna er hrúgað saman sem hafa gerólfkar sjúkdómsgreiningar og þarfir. Bráðamóttökuþjónusta þarf eðli málsins samkvæmt að tengjast hátæknisjúkrahúsi en meðferð geðsjúkra að öðru leyti getur farið annars staðar fram. Á slíkum deildum þarf síður að læsa fólk inni eins og hér er enn gert.“



Sigursteinn segir jafnframt: „Sá smánarblettur hvílir nú á íslenskri heilbrigðisþjónustu að hér þurfa nánustu aðstandendur að skrifa upp á nauðungarvistun sjúklinga þegar fyrstu tveimur sólarhringum nauðungarinnlagnar sleppir. Annars staðar er þetta lækisfræðilegt úrræði. Vitanlega verður að tryggja rétta málsmeðferð en hún felst ekki í því að skapa trúnaðarrest á milli sjúklinga og nánasta ættingja.“